

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 22

Dags. 16.6.2011

22. Fundur í Skipulags og umhverfisnefnd, haldinn á Breiðumýri og í Kjarna
16. 06. 2011. kl. 13: 00.

Mætt eru Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Þórunn Jónsdóttir, Hörður Þór Benónýsson, Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson og Gaukur Hjartarson skipulagsfulltrúi Þingeyinga.

Árni Ólafsson frá Teiknistofu arkitekta, Ásta Svavarsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Ólína Arnkelsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson og Arnór Benónýsson sátu fundinn undir fyrsta lið.

1. Deiliskipulag Þeistareykjum

Árni Ólafsson gerði grein fyrir stöðu á vinnu við deiliskipulag á Þeistareykjum, farið var yfir skipulags og útfærslukosti og þeir metnir.

2. Landskipti Rauðuskriðu I-III, Skriðulands og Skriðusels 28. 03. 2010.

Óskað er eftir skiptum á óskiptu landi jarðanna Rauðuskriðu I-III, Skriðulands og Skriðusels samkvæmt meðfylgjandi afstöðumynd frá 20 12 2010

Skipulags og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki erindið.

3. Skriðusel landskipti 26. 04. 2011.

Óskað er eftir skiptum á jörðinni Skriðuseli samkvæmt afstöðumynd frá 08 04 2011.

Skipulags og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki erindið

4. Nafngift Skriðusel/Skriðuskógur 26. 04. 2011.

Óskað er eftir að ytri hluti jarðarinnar haldi nafninu Skriðusel og núverandi landnúmeri en syðri hlutinn hljóti nafnið Skriðuskógur og fá í nýtt landnúmer.

Skipulags og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki erindið

5. Sameining landspilda 26. 04. 2011.

Eigandi Rauðuskriðu II og hálfes Skriðusels sem mun eignast syðri hluta Skriðusels óskar eftir að aðliggjandi landspilda Rauðuskriðu II verði sameinuð syðri hluta Skriðusels undir hinu nýja nafni og landnúmeri.

Skipulags og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki erindið

6. Skipting lóðar í Breiðanesi 24. 05. 2011.

Óskað er eftir að skipta íbúðarhúsaloð í Breiðanesi samkvæmt meðfylgjandi teikningu dagsettri 12 05 2011

Skipulags og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki erindið

7. Beiðni um breytta skráningu frístundahúss E-08 í landi Lunds.

Erindi frá Áka H. Garðarssyni og Stefaníu F Elísdóttur, eigendum frístundahúss E-08 í landi Lunds, þess efnis að fá skráningu á eigninni breytt úr frístundahúsi í íbúðarhús með mögulegri búsetu allt árið.

Skipulags og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún hafni erindinu þar sem slíkt samræmist ekki gildandi deiliskipulagi og aðalskipulagi en hvetur landeiganda og lóðahafa til að gera tillögu til sveitarstjórnar að breytingu deiliskipulags sé áhugi fyrir hendi.

Lagt fram til kynningar.

• Aðalskipulag Þingeyjarsveitar, afgreiðsla Skipulagsstofnunnar.

Lagt fram bréf frá Skipulagsstofnun þar sem stofnunin mælir með að Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 verði staðfest samkvæmt 19 gr. Skipulags- og byggingarlaga nr.73/1997.

· Umhverfissráðuneyti sendir til umsagnar drög að reglugerð um framkvæmdaleyfi

Fleira ekki bókað fundi slitið kl. 17:20

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Þórunn Jónsdóttir

Hörður Þór Benónýsson

Guðrún Sigríður Tryggvadóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson